

Ásahreppur  
Laugaland  
851 Hella

Garðabær, 18. desember 2024

Málsnúmer: 202411-0056

IAS

**Efni: Holtamannafréttur, Búðarháls. Skilgreining efnistökusvæðis. Aðalskipulags-breyting. Vinnslutillaga.**

Vísað er í erindi frá Ásahreppi, frá 28. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna breytinga á Aðalskipulagi Ásahrepps, kynning tillögu á vinnslustigi.

Gerð verður breyting á stærð efnistökusvæðis og því efnismagni sem heimilt er að taka úr efnistökusvæði E8 á austanverðum Búðarhálsi á Holtamannafrétti. Óbyggt svæði minnkar auk þess að hverfisvernd verður aflétt af efnistökusvæði.

Á árunum 1997-1998 var tekið efni úr námunni vegna framkvæmda í tengslum við gerð Búðarhálsstöðvar og Sporðöldulóns. Búið er að ganga frá svæðinu en ummerki um rask eru enn sýnileg á landinu. Vegna viðhalds á núverandi stíflum og gerð nýrra stíflna er þörf á efni sem hentar til slíkra framkvæmda, og er það að finna í námunni. Efnistökusvæðið E8 er stækkað úr 1 ha í 2,3 ha og heimilað að taka allt að 49.000 m<sup>3</sup> af efni í stað 10.000 m<sup>3</sup>.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér greinargerðina og kemur með eftirfarandi ábendingar.


Eins og fram kemur í greinargerðinni er um að ræða eldri frágengna námu sem verður opnuð aftur og stækkuð og er svæðið inn hverfisverndarsvæðisins HV4, Búðarháls-Þóristungur, en um það segir:

„Landsvæðið milli Pjórsár og Koldukvíslar auk Þóristunga. Nær norður undir Svartagil. Áhugavert gönguland, gljúfur og fossar í Pjórsá og Koldukvísl. Sögu og menningarminjar s.s. Kláfurinn á Tungnaá og minjar við Hald. Stórt lítt raskað viðerni og gróður sem hefur hátt eða mjög hátt verndargildi skv. vistgerðarkortlagningu. Halda skal framkvæmdum í lágmarki og þess gætt að þær leiði til eins líttillar röskunar og kostur er. Ganga skal frá byggingum og umhverfi svo fljótt sem verða má. Forðast skal allt rask á gróðri. Tryggja skal góðan frágang fráveitu. Heimilar eru endurbætur á mannvirkjum og viðhald á vegum og slóðum. Heimilar eru landgræðslaðgerðir í tengslum við gæðastýringu í sauðfjárrækt og skógrækt með Tungnaá til bindingar kolefnis. Stærð svæðis er um 253 km<sup>2</sup>.“

Efnistökusvæðið er því á landi sem að hluta til hefur þegar verið raskað, það er ekki innan annarra verndarsvæða og þar eru ekki vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Svæðið er á hálendinu og við Sprengisandsleið og því líklegt að ásýndaráhrif verði nokkur, sérstaklega á meðan á vinnslu stendur.

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sýnir að starungsmýravist finnst á svæðinu en hún hefur mjög hátt verndargildi. Hafa ber í huga að vistgerðakortið var unnið með fjarkönnun, sem reyndist miserfitt eftir vistgerðum, og því eru upplýsingar sem kortið veitir ekki óbrigðular. Því þarf að hafa fyrirvara á um útbreiðslu vistgerða með hátt verndargildi þegar kortið er skoðað í meiri nákvæmni en mælikvarði þess leyfir. Náttúrufræðistofnun leggur til að við skipulagsvinnuna verði kannað hvort votlendi sé að finna á svæðinu og ef svo er ætti að forðast röskun á því eins og kostur er, þó það nái ekki stærðarviðmiðum til að falla undir ákvæði um sérstaka vernd.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

